



Borgarráð

### ***Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um birtingu fundargerða - umsögn.***

Á fundi borgarráðs 26. mars sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Flokkur fólksins leggur til að fundargerðir nefnda og ráða borgarinnar verði komnar á innri og ytri vef Reykjavíkurborgar eigi síðar en sólarhring eftir að fundi er slitið. Dragist það af einhverjum orsökum sé nefndarmönnum og öðrum borgarfulltrúum send drög í pósti innan sólarhrings frá fundarslitum. Borið hefur á því að það dragist von úr viti að fundargerðir birtist á netinu. Þetta hefur skapað mikil óþægindi fyrir nefndarmenn og aðra borgarfulltrúa sem þurfa að yfirfara fundarefni af ýmsum ástæðum. Þessi seinkun eða töf á að fundargerðir birtist opinberlega er engum boðleg. Dæmi eru um að líði 2 vikur og jafnvel meira að fundargerð komi inn á vefinn.*

### **Umsögn skrifstofu borgarstjórnar:**

Fundargerðir Reykjavíkurborgar eru einungis birtar rafrænt á ytri vef Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/fundargerdir](http://www.reykjavik.is/fundargerdir). Fundargerðir eru ekki birtar á innri vef borgarinnar né í fundargerðarkerfi borgarfulltrúa. Í 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 kemur fram að ráðherra setur með auglýsingu leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, m.a. um hvað þar er skylt að bóka, um staðfestingu þeirra þegar að loknum fundi og skráningu og meðferð rafrænna fundargerða. Í núgildandi auglýsingu nr. 22/2013 kemur fram að í lok fundar skal fundargerð undirrituð af fundarmönnum og að fundargerð og önnur skráð fundargögn sveitarstjórnar og nefnda á hennar vegum tilheyra skjalasafni sveitarfélagsins og eru eign þess. Fer um varðveislu þeirra skv. gildandi lögum og reglum hverju sinni. Skrifstofa borgarstjórnar annast svo opinbera birtingu fundargerða Reykjavíkurborgar á ytri vef borgarinnar og fer hún þannig fram að fundarritarar afhenda rafræna útgáfu fundargerðarinnar til skrifstofunnar sem yfirfer hana og birtir að loknum prófarkalestri í samræmi við verklagsreglur.

Í tilefni af tillögnum voru tímasetningar á birtingu fundargerða skoðaðar frá 1. október 2019

til 30. mars 2020. Á þessu tímabili eru birtar tæplega 230 fundargerðir ráða og nefnda Reykjavíkurborgar. **Þær voru allar birtar samdægurs eða næsta dag eftir að fundargerð berst skrifstofunni.** Í tilefni af tillögunni voru jafnframt skoðaðar tímasetningar á afhendingu fundargerða til birtingar á sama tímabili. **Af tæplega 230 fundargerðum voru minniháttar tafir á afhendingu ca. 15 fundargerða til birtingar sem er innan við 7% tilfella.** Í þau skipti sem skýringar fylgdu, komu annir í veg fyrir að fundargerðin var afhent á réttum tíma, tæknivandræði eða mannleg mistök við afhendingu.

Með vísan til ofangreinds er talið að það beri að vísa tillögunni frá. Fundargerðir eru ekki birtar á innri vef Reykjavíkurborgar og það stendur ekki til að breyta því. Í þau skipti sem tafir hafa orðið á opinberri birtingu fundargerða hefur önnur eða tæknilegum vandkvæðum verið um að kenna við frágang hjá starfsfólki viðkomandi ráða enda gera allar verklagsreglur ráð fyrir opinbera birtingu eins skjótt og unnt er. Tillagan bætir engu við það verklag og verður ekki séð að samþykkt hennar geti komið í veg fyrir það að mannleg mistök muni einstaka sinnum eiga sér stað. Skrifstofa borgarstjórnar og allt starfsfólk nefnda og ráða Reykjavíkurborgar mun að sjálfsögðu beita sér fyrir því áfram að lágmarka slíkt.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar